

Stefnuyfirlýsing Clean Arctic Alliance

Notkun svartolíu við siglingar um norðurhöf verði bönnuð



Um notkun svartolíu í siglingum um norðurhöf

...FELLUR Í SÉR MEIRI HÁTTAR ÁHÆTTU FYRIR UMHVERFIÐ

Svartolía (HFO) er afar eitrad seigfljótandi skipaeldsneyti sem brotnar hægt niður í náttúrunni, einkum á kaldari hafsvæðum eins og norðurskautinu. Eigi svartolíuleki á sér stað kann skortur á innviðum, erfitt veðurfar og hafís að gera hreinsunaraðgerðir nánast ómögulegar. Ef að svartolíuleki á sér stað á ísilögðum haffleti gæti olían borist undir ísinn sem hefur í för með sér að hún helst þar lengur og dreifist víðar. Fyrir utan þau skaðlegu áhrif sem lekinn hefði á vistkerfið hafa rannsóknir sýnt að langtímaáhrif olíuleka á Norðurskautssvæðinu geta verið til staðar á viðkomandi svæði í meira en áratug. Slíkt hefur áhrif á vöxt og æxlun ýmissa tegunda.



...VELDUR SKAÐLEGRI LOSUN FYRIR LOFTSLAG JARÐAR

Svartolíunotkun veldur skaðlegri og umtalsvert meiri gróðurhúsaáhrifum og mengun - þ.m.t. brennisteinsoxíð, köfnunarefnisoxíð, og sótagfir - heldur en nokkuð annað skipaeldsneyti. Sótagfir sem losna við bruna svartolíu magnar hlýnunararmátt gróðurhúsalofttegunda og eykur enn hlýnun jarðar af mannavöldum, einkum á norðurskautssvæðinu. Þegar sótagfir falla á ljósa fleti snjávar og íss dregur það úr magni sólarljóss sem endurkastast aftur út í geiminn. Þetta ferli getur hraðað bráðnun snjávar og íss, stækkað dökkt yfirborðssvæði hafíss og þar með magnað enn frekar hringrás ísbráðunar og hlýnunar. Niðurstaða nýlegrar rannsóknar leiddi í ljós að sótagfir frá norðurskautssvæðinu veldur fimmfalt meiri hlýnun en sótagfir sem berast annars staðar frá.



...ÓGNAR MATVÆLAÖRYGGI, LÍFSVIÐURVÆRI OG LÍFSHÁTTUM SAMFÉLAGA Á NORÐURSLÓÐUM

Margir frumbyggjar norðurskautssvæðisins reiða sig á auðlindir sjávar sem helstu uppsprettu fæðu, fyrir fæði og skði, auk fatnaðar og annan búnað. Við takmarkaðar fiskveiðar sínar, veiðar og vistvæna ferðabjónustu. Svartolíuleki á norðurskautssvæðinu myndi hafa hörmulegar afleiðingar fyrir þessi samfélög og sem reiða sig á til hafið til næringar og fyrir menningar- og efnahagslegar þarfir.



...VELDUR LOSUN SEM HEFUR SKAÐLEG ÁHRIF Á HEISU FÓLKS

Losun frá skipum ógnar heilsu fólks þar eð mengunarefni á borð við sótagfir, brennisteinsoxíð og köfnunarefnisoxíð hafa einkum verið talin valda aukinni hættu á að fólk deyi fyrir aldur fram af völdum hjarta- og lungnasjúkdóma.



...BRUNI SVARTOLÍU MUN AUKAST Í TAKTI VIÐ AUKNA SKIPAUMFERÐ UM NORÐURSKAUTSSVÆÐIÐ

Rannsóknir benda til að skipaumferð um norðurskautssvæðið muni aukast um ríflega 50% á tímabilinu 2012 til 2050. Í dag er talið að skipaumferð valdi um 5% af losun sótagfira á svæðinu. Búist er við að þessi tala muni tvöfaldast fyrir árið 2030 og fjórfaldast fyrir 2050 ef núverandi spár um aukna skipaumferð ganga eftir. Vaxandi skipaumferð um svæðið til flutninga eða dægrastyttingar mun auka hættuna á mengunarslysi.



Tekist á við hættuna sem fylgja svartolíubruna á Norðurskautssvæðinu

Í dag er svartolía notuð í tvenns konar tilgangi í norðurhöfum. Hún er notuð sem skipaeldsneyti fyrir skip sem sigla um norðlægt svæði Ennfremur nota sum íbúasamfélög á norðurskautinu svartolíu til að hita upp heimili sín og knýja vélbúnað. Með þessa notkun í huga þarf að nálgast vandamálið með tvenns konar hætti til að draga úr þeirri hættu sem hlýst af svartolíunotkun:

TEKIST Á VIÐ HÆTTUNA SEM TENGIST NOTKUN OG FLUTNINGI Á SVARTOLÍU SEM SKIPAELDSNEYTI

Heillavænlegast væri að hætta að brenna og flytja svartolíu sem eldsneyti á norðurskautssvæðinu í áföngum og þar með koma í veg fyrir svartolíumengun. Ef hætt yrði að brenna svartolíu og þess í stað notað annars konar eldsneyti, t.d. eimað eldsneyti með litlu brennisteinsmagni er áætlað að það myndi draga úr losun sótagfira um 30%.

TEKIST Á VIÐ HÆTTUNA SEM TENGIST FLUTNINGI Á SVARTOLÍU

Þar eð sum samfélög á norðurslóðum reiða sig á svartolíu til heimabruks leggst Clean Arctic Alliance ekki gegn flutningi á svartolíu um norðurhöf. Á hinn bóginn ber að hafa í huga að í framtíðinni verður ekki komist hjá því að draga úr þeirri ógn sem fylgir flutningi á svartolíu.

Alþjóðasiglingamálastofnunin verður að banna notkun svartolíu í norðurhöfum í áföngum

Að sinni er áhrifaríkast að draga smám saman draga úr notkun svartolíu sem skipaeldsneyti. Clean Arctic Alliance styður þá nálgun. Þar af leiðandi hefur Clean Arctic Alliance skorað á Alþjóðasiglingamálastofnunina, þá alþjóðlega stofnun sem fer með þessi mál, að samþykkja alþjóðlega lagalega bindandi samning sem kveður á um að notkun svartolíu sem eldsneyti verði hætt eigi síðar en 2020.

Clean Arctic Alliance er hópur frjálsra félagasamtaka sem hafa skuldbundið sig til að draga smám saman úr bruna svartolíu sem skipaeldsneyti á norðurskautssvæðinu.